

Reykjavík, 26. janúar 2021

FEB 2021/001. IS

Öldungaráð fundur nr. 51

Tillaga

Viðtakandi: Öldungaráð Reykjavíkurborgar

Sendandi: Ingibjörg H. Sverrisdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík
f.h. fulltrúa FEB í öldungaráði.

Tillaga:

Lagt er til að óska eftir því við Reykjavíkurborg að komið sé á skipulagðri og heilstæðari heilsuefningu fyrir eldri íbúa borgarinnar.

Greinargerð:

Í nýlegri [skýrslu starfshóps á vegum Heilbrigðisráðuneytisins um heilsuefningu aldraða](#) kemur fram að mörg sveitafélög hafi með markvissum hætti verið að innleiða skipulagða starfsemi í tengslum við heilsuefningu aldraða. Í skýrslunni er Janus heilsuefning nefnd sem gott dæmi um slíka þörf en markmið þess verkefnis er að draga úr öldrunareinkennum þannig að einstaklingar geti sinnt athöfnum daglegs lífs lengur, dvalið lengur í sjálfstæðri búsetu og forðað eða seinkað innlögn á dvalar- eða hjúkrunarheimili. Starfið er margþætt og snýst m.a. um skipulagða hreyfingu, fræðslu um mataræði o.fl., mælingar og eftirfylgni. Í skýrslu starfshópsins er tekið fram að ítarlegt árangursmat á slíkri heilsuefningu hafi sýnt fram á fjölþættan ávinning fyrir einstaklinga, sveitarfélög og ríki. Jafnframt er áréttað í skýrslunni að æskilegt sé að starf sem þetta byggir eins og kostur er á aðföngum (húsnæði, þjálfarar o.fl.) sem þegar eru til staðar í heimabyggð og verði þannig varanlegra en ella.

Mikilvægt er að einstaklingar 65 ára og eldri haldi lífsgæðum sínum sem lengst og er hreyfing og virkni í samfélaginu undirstaða þess að svo megi verða. Aukin áhersla hefur verið lögð á að einstaklingar búi heima hjá sér eins lengi og mögulegt er og þeir sem á þurfa að halda fái heimahjúkrun. Með því verður m.a. hægt að draga úr fjölgun hjúkrunarheimila.

Íbúum, sem eru 65 ára og eldri, hefur verið að fjölga mikið undanfarin ár en sú staðreynd ýtir undir mikilvægi heilsuefningar aldraðra. Þá er mikilvægt að hafa í huga að lífaldur almennt fer hækkandi með hverju árinu enda lifir fólk lengur. Fyrirséð er að lífaldur fólks mun fara hækkandi enda framþróun í læknávisindum mikil. Með það í huga er enn brýnna fyrir sveitarfélögin að halda uppi hvatningu og bjóða þessum aldurshópi þjónustu sem eflir þennan samfélagshóp til sjálfsbjargar með því að viðhalda heilsunni. Þannig halda eldri borgarar lífsgæðum sínum sem lengst og draga úr stofnanavist, en sú staðreynd mun til lengri tíma litið draga úr útgjöldum á kostnaði við þjónustu við eldri einstaklinga í heimahúsum annars vegar og við stofnunarvistun hjá sveitarfélaginu hins vegar.

Með framanritað í huga er lagt til að öldungaráð Reykjavíkurborgar samþykki tillögu um að óska eftir því að Reykjavíkurborg komi af stað skipulagðri og heilstæðri heilsuefningu fyrir eldri íbúa borgarinnar.